

12. mars 2024

Fundur Velferðarvaktarinnar



Málefni Grindavíkur

Þorsteinn Hjartarson
Jóhanna Lilja Birgisdóttir

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Fordæmalausar náttúruhamfarir í Grindavík frá 10. nóvember sem hafa skapað samfélagslegt rof


Áhrif hamfaranna á líf grindvískra barna eru miklar, ófyrirséðar og koma m.a fram í áskorunum er tengjast:

- fjölskyldu
- búsetu og húsnæði
- líðan og félagatengslum
- skólastarfi
- frístunda- og íþróttastarfi



Stuðningur og ráðgjöf MRN, Sambandsins o.fl. við stjórnendur Grindavíkurbæjar

- Fjölpætt og krefjandi verkefni
- Starfsmenn í stjórnarsýrslu Grindavíkur voru búsettir í bænum og óhjákvæmilega að takast á við flóknar persónulegar aðstæður samhliða mikilli ábyrgð og álagi í starfi
- Virkni og gott samstarf m.a. MRN, SÍS, RVK og Grindavíkurbæjar
- Góð aðkoma ráðherra MRN og ráðuneytisstjóra
- Verkefnastjóri og sérfræðingar frá MRN
- Reglulegir samstarfsfundir
- Viðbragð við óvæntum atburðum
- Samráðsvettvangur um sálfélagslegan stuðning
- Innviðaráðuneytið hefur komið meira inn í verkefnið





Hátt hlutfall barna og barnafjölskyldna

| Aldur barna | Fjöldi |
|-------------|--------|
| 0-6 ára | 270 |
| 6-16 ára | 562 |
| 16-18 ára | 91 |
| Samtals | 923 |



| Dreifing í skóla | Sveitarfélög |
|---|---|
| Grunnskólabörn í 73 skólum | 27 sveitarfélög |
| Framhaldsskólanemendur í 14 skólum | 9 sveitarfélög/flestir í FS |
| Leikskólabörn í 46 skólum | 16 sveitarfélög |
| Upplýsingamiðlun um verklag o.fl. (radgjof@grindavik.is , Mentor, island.is, símtöl, tölvupóstur o.s.frv.) | Viðvarandi verkefni sem mætti ganga betur |

Grunnskólar

- Fjórir safnskólar í Rvk
- 55% fyrir áramót og 39% eftir áramót
- Skólaakstur frá Suðurnesjum, Selfossi, Mosfellsbæ
- Gera má ráð fyrir fækkun í safnskólaúrræðum
- Margt starfsfólk leik- og grunnskóla er sjálft að glíma við flóknar persónulegar aðstæður og álag í starfi
- Samráð við nemendur í safnskólum í desember sl. um skipulag í skólamálum



Ferðalagið í skólann – sýnishorn af niðurstöðum samráðsvettvangsins



Ferðalagið í skólann

Meirihluti barna eru ánægð með ferðalagið í skólann

Sumum þykir skólarútan slæm því leiðin er löng, rútan er sein, það eru mörg stopp og stundum eru læti

Ferðamáti

Mikill minnihluti gengur í skólann

Stór hópur nýtir sér skólarútur

Flest koma með einkabíl eða strætó

Lífið í skólanum: 9. og 10. bekkur í desember 2023

Góður matur og gott vatn

Hitta vini / samvera

Stuttur skóladagur og byrjar seinna

Mörg klósett, hrein og kynjaskipt

Gaman á skautum og í Laugardalshöll

Engin skólaskylda

Stór skóli

Þakklát fyrir skólaplássið og eigin stofur



Grauturinn

Of margir í hverri stofu og vantar geymslupláss

Vantar aðstoðakennara

Vantar skipulagða stundatöflu

Fá ekki að ráða hvar við sitjum, megum ekki hafa síma

Kalt í skólanum

Aðrir nemendur taka ekki vel á móti okkur

Vantar sófa og félagsmiðstöð



LAUSNIR

- Færa skólann meira miðsvæðis (Fossvoginn til dæmis)
- Hafa fleiri kennslustofur fyrir hópinn
- Hafa fleiri skóhillur
- Læra minna
- Byrja skólann klukkan 10
- Að aðrir nemendur séu meira næs
- Hafa félagsmiðstöð opna á skólatíma
- Halda sömu tímum, 9-13



Væntingar: 5.-10. bekkur í desember 2023

5. – 8. bekkur

- Að komast aftur heim
- Vera heima á aðfangadag og jóladag
- Að það sé hægt að gera sér hverfi fyrir Grindvíkinga
- Við viljum læra
- Við viljum vera öll saman í skóla
- Við viljum vera með skólalóð

9. – 10. bekkur

- Að komast aftur heim
- Halda jóla heima
- Byggja sér skóla fyrir Grindvíkinga ef við komumst ekki heim
- Höldum áfram að vera öll saman
- Slæmt að fá skólaskyldu aftur
- Eldgos er vont
- Förum í útskriftarferð
- Komast á æfingar heima
- Fá námsgögn (gáma og tölvur)
- Komast í okkar venjulegu rútínu

„Við vitum ekki nákvæmlega hvenær við fáum að fara heim, en við förum heim á endanum!“




Raddir nemenda í hverfaskólum í desember 2023

Hvernig er að búa annars staðar á meðan aðstæður eru eins og þær eru?

- Mjög skrítið og ekki venjulegt
- Öðruvísi
- Það er bara fínt að búa hérna
- Bara vel en mig vantar sófann minn. Ég þarf enn að sækja margt heim
- Betra í Kópavogi en Grindavík
- Líður ekki vel og vil fara heim
- Mér líður vel þar sem ég er en það er alltaf best að vera heima. Ég sakna bestu vinkonu minnar en hún býr mjög langt í burtu frá mér
- Furðulegt að geta ekki labbað jafnmikið
- Hef það bara fínt
- Okkur líður vel
- Leiðinlegt sakna vina minna og langar heim
- Skemmtilegt
- Gæti verið verra, er ekki farinn að mæta á fótboltaæfingar, er oftast heima eftir skóla og geri mest lítið nema vera í tölvunni, er mjög einangraður
- Þetta er bara geggjað vegna þess að það fínt að vera í bænum og hér er allt til alls sem við þurfum
- Mér líður betur hér
- Það er fínt því við fundum góða íbúð í Njarðvík nálægt skólanum og ég fæ rúm til að sofa í
- Þetta er skrítið því ég veit lítið um staðinn
- Ég er búinn að eignast fullt af vinum og hitti frænda minn sem ég vissi ekki af og við erum í sama bekk núna
- Skrítið
- Ekki gaman


Leikskólar

- Nokkuð gott aðgengi að leikskólum
- Safnleikskólar í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi
- 47% grindvískra leikskólabarna sækja safnleikskóla
- Fjöldi barna á biðlistum eftir plássu í hverfisleikskóla
- Foreldrar keyra langar vegalengdir til að koma börnum sínum í safnleikskóla
- Viðræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu



Framhaldsskólar

- Kortlagning framhaldsskólanema frá Grindavík
- Langflestir stundar nám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Framhaldsskólar hafa sýnt aukinn sveigjanleika
- Hluti nemenda færðist á milli skóla við annarskil
- Nemastofa atvinnulífsins styður við nemendur í starfsnámi sem eru í vinnustaðanámi hjá fyrirtækjum í Grindavík
- Landsteymi Menntamálastofnunar hefur kortlagt úrræði fyrir framhaldsskólanema v/náms og líðan
- Skref margra úr grunnskóla í framhaldsskóla kallar á stuðning





Frístunda- og íþróttastarf

- Margir hafa lagt hönd á plóg
- Unnið hefur verið að kortlagningu
- Bolmagn íþróttafélaga mismunandi
- Unnið að gerð móttökuáætlunar
- Félagmiðstöðin Þruman í Grindavík á gott samstarf við félagmiðstöðvarnar Laugó í Rvk og Þebu og Kúluna í Kópavogi
- Þruman hefur aðgengi að rafrænum samráðs- og samtalsvettvangi Samfés
- Áhugi á sumarstarfi, m.a. námskeið, smiðjur og samstarfi við vinnuskóla
- Rótleysi og óvissa í m.a. húsnæðismálum eykur vanlíðan og líkur á áhættuhegðun





Kortlagning á þjónustupörf og leiðir að skilvirkari þjónustu

- Börn í viðkvæmri stöðu
- Fylgst vel með skólasókn
- Áhersla á samþætta þjónustu í þágu farsældar barna
- Gott verklag en staðan er flókin
- Áhyggjur af því hvort öll börn eru að fá fullnægjandi þjónustu
- Samningar milli sveitarfélaga um skólavist o.fl.

| Gátlisti fyrir skólaþjónustuteymi í náttúruvá | Core Commitments for Children UNICEF |
|---|--------------------------------------|
| Verkefni | |
| Skólaþjónustuteymi er fullmannað fulltrúum með viðeigandi hæfni frá bæði sveitarfélögum og ríki | Viðmið uppfyllt |
| Hlutverkaskipting og verkefni skólaþjónustuteymis eru skýr | Viðmið uppfyllt |
| Aðgengi að menntun tryggt með jafnræði í huga (fötlun, uppruni, kyn, búseta o.s.frv.) | Viðmið uppfyllt |
| Kanna aðstoð annarra sveitarfélaga varðandi skólahúsnæði | Viðmið uppfyllt |
| Skólahúsnæði er öruggt | Viðmið uppfyllt |
| Tilkynningarskylda kynnt og viðeigandi ferlar til staðar | Viðmið uppfyllt |
| Meta hvort hægt sé að halda uppi skólastarfi | Viðmið uppfyllt |
| Hafa yfirsýn yfir skólavist barna í öðrum sveitarfélögum | Viðmið uppfyllt |
| Hefja skólastarf aftur í samstarfi við skólastjórnendur eins fljótt og kostur er | Viðmið uppfyllt |
| Aðgengi að frístund fyrir 1. - 2. bekk tryggt | Óviðunandi |
| Fylgjast með líðan og aðstæðum barna | Í vinnslu |
| Fylgjast með skólasókn barna og bregðast við | Í vinnslu |
| Tryggja börnum sólfélaglegan stuðning þar sem þau eru í | Í vinnslu |



“Jóna sagði þá að sonur hennar 10 ára hafi skipt um skóla fjórum sinnum á meðan þau voru að finna sér varanlegt húsnæði, aðspurð hvernig hann hefði tekið í allan þennan flutning var svar hennar auðsvarað “hann hefur ekki jafnað sig enn og hann er fimmtugur í dag”.

Íris Arnarsdóttir 2015. "Það var bara að bjarga hlutum og hamast": rannsókn efnismenningar á ögurstundu. Óbirt BA ritgerð.

"Þetta eru sjöttu flutningarnir allt í allt. En hingað til höfum við ekki verið með okkar dót,"

“Þau eiga tvo stráka, fimm og ellefu ára. „Þeir eru hetjurnar í þessu öllu saman, þeir hafa skipt núna þrisvar sinnum um skóla og leikskóla”

Rúv (2024 10. mars). Hafa flutt sex sinnum á fjórum mánuðnum. Hafa flutt sex sinnum á fjórum mánuðum - RÚV.is (ruv.is)

Stuðningsúrræði fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra - stigskipt og fjölbreytt stuðningsúrræði

- Virkja stofnanir og þjónustuúrræði í nærumhverfi barns
- Námskeið og fræðsla
- Ráðgjafaviðtal hjá sálfræðingi, fjölskylduráðgjöf og áfallameðferð
- Tímabundin úrræði Geðheilsumiðstöðvar barna
- Skráning og upplýsingar:
 - radgjof@grindavik.is
 - <https://grindavik.is/v/27079>
 - <https://grindavik.ibuagatt.is/>



GRINDAVÍKURBÆR

Almannavarnir og náttúruvá

NÝJUSTU FRÉTTIR

ALLT STUÐNINGUR OG RÁÐGJÖF



Myndband: Stuðningur fyrir börn og ungmenni í Grindavík

Fréttir / 6. mars 2024

Námskeið, sálfræðiviðtöl og fjölskylduráðgjöf stendur fjölskyldum frá Grindavík til boða.

Fjölbreytt stuðningsúrræði standa grindvískum börnum og fjölskyldum til boða. Stuðningsúrræðin eru samvinnuverkefni þriggja ...

Umboðsmaður barna hélt fund með börnum frá Grindavík 7. mars

- Markmið fundarins var að heyra hvað þeim liggur á hjarta og hvernig stjórnvöld geta með sem bestum hætti staðið vörð um réttindi þeirra við núverandi aðstæður
- Fundurinn var skipulagður í samvinnu við bæjaryfirvöld í Grindavík
- Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, ávarpaði fundinn
- Bíðum spennt eftir niðurstöðum





Horft fram á veginn

- Safnskólar voru viðbragð við óvæntum atburðum
- Inngilding í öllu skóla- og frístundastarfi mikilvæg
- Tryggja stöðugleika í skólagöngu og frístundastarfi barnanna
- Nýjar félagslegar áskoranir og áhættuþættir
- Sálfélagslegur stuðningur þarf að halda áfram
- Leggja þarf mat á Grindavíkurverkefni þar sem margir hafa komið að málum
- Huga þarf að lagabreytingum og/eða reglugerð í ljósi reynslunnar



GRINDAVÍKURBÆR



ALMANNAVARNIR
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI



Stjórnarráð Íslands



Rauði krossinn



Samband íslenskra
sveitarfélaga



Reykjavík

